



Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 1091
komudagur 17/3 1997

12. mars 1997.

Frú Sólveig Pétursdóttir,
formaður allsherjarnefndar.

Efni: Svar við bréfum allsherjarnefndar frá 21. febr. sl.

I. Frumvarp til laga um umboðsmann Alþingis (244. mál).

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um þá þætti frumvarpsins sem snúa að launaákvörðun, skipunartíma og biðlaunarétti umboðsmanns (1. og 13. gr.). Nefndin telur ekki ástæðu til athugasemda við tvo fyrstgreindu þættina en leggur til breytingu á ákvæði 3. másl. 1. mgr. 13. gr. um biðlaunaréttinn. Ekki þykir ástæða til að um biðlaunarétt umboðsmanns Alþingis fari eftir öðrum reglum en almennt gilda um embættismenn ríkisins. Því er lögð til eftirfarandi breyting á frumvarpinu:

„Í stað orðanna „ákvörðun forsætisnefndar“ í 3. másl. 1. mgr. 13. gr. komi: VI. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

II. Frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (301. mál).

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að skipun í starf biskups og presta. Nefndin telur eðlilegt að um skipun presta fari eftir sömu reglu og um skipun annarra embættismanna samkvæmt lögum nr. 70/1996. Því er lögð til eftirfarandi breyting á frumvarpinu:

„Í stað orðsins „ótimabundið“ í síðari málslið 2. mgr. 39. gr. komi: til fimm ára í senn.“

Jafnframt bendir nefndin allsherjarnefnd á að huga að tveimur atriðum, þ.e. annars vegar hvort rétt sé að tala um „skipun“ í 1. mgr. 28. gr., sbr. einnig orðið „skipunarbréf“ í 3. mgr. 43. gr., og hins vegar að gera ákvæði 35. gr. skýrara þannig að í lögnum komi fram hvort héraðsprestar skuli ráðnir eða skipaðir til afmarkaðs tíma.

F.h. efnahags- og viðskiptanefndar,

Vilhjálmur Egilsson,
formaður.

E F N A H A G S - O G V I Ð S K I P T A N E F N D